

Fundur 29.12.2025 Nicola var uppi í Egyptalandi til forna.

Góða kvöldið.

*Gott kvöld.*

Tala ég til ykkar og er það margvísleg lífsreynslan sem er á baki mínu og er það margvísleg lífsreynslan sem hendir mann í hverju lífi fyrir sig og eru það hinar margvíslegu tilverur sem kenna manni að komast á rétta braut og minnst ég þess margsinnis þegar menning okkar varð fyrir áhrifum frá norrænum trúarbrögðum og rómverskum, að mikilvægt fannst okkur að huga að áramótunum og tigna þann Guð sem birtist á áramótunum og stefnir í tvær áttir,

*Janus.*

Það er rétt, já og kom hann okkur margsinnis upp úr myrkrinu á myrkurhliðum hnattanna og hef ég þó aldrei að fullu sviðið Jahve og sáttmáli sá sem gerður var við hann í fyrndinni, enn í fullu gildi og hef ég nú fundið frið minn enn hjá okkar fornu Guðum, en verð ég að halda friðinn við Jahve þar sem sagan er orðin svo löng á milli verka þeirra sem unnin voru í hans nafni og leiðarinnar upp á við úr þeim myrku svæðum og margir af mínu ættlandi, kynstofni hafi notið góðs af þeim tengslum og hafa nú átt sér margvíslega sögu og hafa Guðir okkar margsinnis varað okkur við að gangast honum á hönd og höfum við þurft að víkja til baka og krjúpa fyrir þeim og er hann þó alltaf samur við sig og refsar ef ekki er honum sýnd virðing.

Og vildi ég nú segja frá því tengsl okkar og tengsl mín við ykkar land eru farin að aukast og gleður mig það mjög og hef ég séð blessun á mörgum plánetum frá því sambandi og óttast ég þó mjög að refsingar hans skelli á af fullum þunga, og veit ég ekki hvernig því reiðir af í smáatriðum og höfum við séð það með augum annara í fjarsambandi hvernig þær refsingar eru, en nokkuð er um liðið síðan ég var á hnetti með bundinn möndulsnúning og var á myrkurhlið þess jarðar, og hef ég reynt að gleyma þeim erfiðustu minningum.

Ævinlega rifjast upp samningurinn sem þjóð mín gerði við hann í árdaga um að við dreifðums um heimsbyggðina og eignuðumst fleiri afkvæmi og þyrftum ekki að verða hungurmorða í heimalandi okkar í þurrkum og drepstóttum og myndum njóta tækniframfara eins og þið, og hefur það gengið eftir, en hefur saga okkar kvíslast um heimsbyggðina og enn þá er margt ljótt og neikvætt að gerast á jörðinni ykkar og framlífs hnöttum ýmsum.

Já blessun hefur það veitt að þjóð ykkar hefur samband við hina mestu Guði og komið af þeim, og jarðrækt og tækniframfarir og raflýsingar og tölvukerfi, þetta var fjarri okkur lengi framan af, en er þjóð okkar hér komin á þetta tæknistig og njótum við einnig góðs af sambandsstöðvum sem frumbyggjar þessa hnattar reistu fyrir löngu af ykkar tegund, kynþætti og raflýsing mikilvæg og trúum við ekki aðeins á andana, heldur tökum einnig mark á vísindum og norrænum vísindum og hefur það orðið okkur til mikillar blessunar.

Og ekki er allt gott í fortíð okkar, því margar styrjaldir varð að heyja til að ná þessu takmarki, en erum við komin á framfara brautina og sögðu andarnir mér það, okkar gömlu Guðir að við yrðum að gæta okkur á Jahve og fara eftir betri framfara öflum í alheiminum, geimnum og forðast stuðningi við þau helstefnu öfl sem vilja ná enn frekar tökum á jörðinni.

Hef verið hér á þremur framlífs hnöttum ljóssins og er á framfara braut, afrísk kona Nikola var uppi fyrir löngu síðan í Egyptalandi til forna í þeim hluta Afríku sem var uppi þar á jörðinni er tengist.

Nicola, þakka ég fyrir verið þið sæl og munum reyna að halda okkur á framfara brautinni, verið þið sæl.

*Má ég spurja þig einnar spurningar ?*

Já.

*Hérna Jahve er hann ekki dreki ?*

Já það má segja það, en hann kemur fram í ýmsum myndum og hann vill ekki sýna andlit sitt.

*Já takk fyrir þessar upplýsingar.*

En forðist að nefna það þegar, því sumir vilja ekki heyra það, það er ekki gott að láta alla heyra það, sem vilja líta öðru vísi á hann.

En ég þakka fyrir og kveð og verið þið sæl.

*Ég þakka þér fyrir komuna, og gangi þér sem best, vertu sæl.*

Já takk fyrir.